

Efnistökusvæði í Eyjafjarðarsveit



Greinargerð með
breytingu á aðalskipulagi
16. mars 2010



EYJAFJARÐARSVEIT

Efnisyfirlit

1	Forsendur	1
1.1	Tilfni og markmið	1
1.2	Almennir skilmálar	1
1.3	Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025	2
1.4	Skipulagssvæðið og umfang skipulags	3
2	Stefnumörkun.....	3
2.1	Efnistökusvæði.....	3
2.1.1	ES1 – Vaglir (III)	4
2.1.2	ES2 – Stokkahláðir (I).....	4
2.1.3	ES3 – Gilsá (I).....	4
2.1.4	ES4 – Víðines (I)	4
2.1.5	ES5 – Munkaþveráreyrar (IV)	5
2.1.6	ES6 – Þveráreyrar í landi Þverár (V).....	5
2.1.7	ES7 – Þveráreyrar í landi Ytri Hóls (V).....	5
2.1.8	ES8 – Áreyrar viðTorfufellsá (III).....	5
2.1.9	ES9 – Neðan Vatnsenda (III).....	5
2.1.10	ES10 – Áreyrar neðan Skáldsstaða (III)	6
2.1.11	ES11 – Við Arnarstaði (III)	6
2.1.12	ES12 – Í landi Gullbrekku (II)	6
2.1.13	ES13 – Neðan vegar norðan Skjöldalsár (II)	6
2.1.14	ES14 – Ofan vegar sunnan Finnastaðaár (II)	6
2.1.15	ES15 – Neðan vegar norðan Finnastaðaár (II).....	7
2.1.16	ES16 – Neðan Bringu (III)	7
2.1.17	ES17 – Neðan Hrafnagils (III).....	7
2.1.18	ES18 – Fyrir ofan Kristnes, neðan afleggjara (III).....	7
2.1.19	ES19 – Á móts við Kristnes (III).....	8
2.1.20	ES20 – Nokkru neðan við Kristnes (III).....	8
2.1.21	ES21 – Ósasvæði Eyjafjarðarár (III).....	9
2.1.22	ES22 – Í landi Hvamms (IV)	9

2.2	Fylgiskjöl	9
2.2.1	Aðalskipulagsuppdráttur Eyjafjarðarsveitar 2005-2025	9
2.2.2	Umhverfisskýrsla	10
2.2.3	Möguleg efnistökusvæði á aðalskipulagi innan vatnasvæðis Eyjafjarðarár.....	10
3	Afgreiðsla skipulagsins	10
3.1	Kynning skipulagstillögu	10

1 Forsendur

1.1 Tilefni og markmið

Í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025, sem staðfest var af umhverfisráðherra 22/11 2007, eru tilgreind efnistökusvæði á sjö stöðum. Jafnframt var eftirfarandi stefnumörkun ákveðin:

„Ljóst er að gera þarf heildarúttekt á námuvinnslu í Eyjafjarðará allt frá norðurmörkum sveitarfélagsins og suður að Hrafnagili. Ýmsir aðilar þurfa að koma að því starfi, s.s. Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun og Veiðimálastjóri. Ákvarða þarf magn þess efnis sem hægt er að taka úr ánni og miða það við endurnýjun þess á hverjum tíma. Einnig þarf að ákvarða hvernig best verður staðið að efnistökkunni. Í þetta verkefni verði ráðist þegar á árinu 2007, m. a. í samstarfi við fyrrnefndar stofnanir og hagsmunaaðila. Niðurstaða þessarar úttektar gæti haft í för með sér breytingu á því aðalskipulagi sem nú verður staðfest.“

Í samræmi við þetta var Veiðimálastofnun fengin til að vinna skilagrein um möguleg efnistökusvæði á aðalskipulagi innan vatnasvæðis Eyjafjarðará. Þeirri vinnu lauk í desember 2008. Í skýrslunni er bent á 15 staði sem mögulega efnistökuastaði.

Í framhaldi af þeirri vinnu var verkfræðistofan Efla ráðin til að gera umhverfisskýrslu vegna skipulagsáætlunar sem gerði ráð fyrir þessum nýju stöðum, en jafnframt ákvað sveitarstjórn að hafa mögulegt efnistökusvæði í Hvammi og Gullbrekku með í umhverfisskýrslunni þannig að öll svæði sem vitað er um og rætt hefur verið um til efnistöku verði höfð með þegar endanleg ákvörðun um auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi verður ákveðin.

Í umfjöllun um aðalskipulagsbreytinguna var ákveðið að falla frá því að leyfa efnistöku úr austurkvísl Eyjafjarðará við Staðarey, sem fjallað hafði verið um í umhverfisskýrslunni og var bar númerið ES21 þar.

Eftir þá vinnu, sem fjallað er um hér að framan er meðfylgjandi tillaga að efnistökusvæðum í Eyjafjarðarsveit lögð fram til kynningar.

1.2 Almennir skilmálar

Efnistaka eða önnur starfsemi sem valdið getur gruggi eða truflunum á vatnasvæðum Eyjafjarðará og þverám hennar sem og ósasvæðum verður óheimil á tímabilinu frá byrjun maí til loka október ár hvert.

Endurmat á áhrifum efnistöku á farvegsbreytingar og lífríki svæðanna (fiska, fugla og gróðurfars) verði framkvæmt á 5 ára fresti.

1.3 Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 eru staðfest efnistökusvæði á eftirtöldum sjö stöðum:

Vaglir. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila úr farvegi Eyjafjarðarár (III).¹

Stokkahláðir. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila (I).

Gilsá. Gamalt efnisnám þar er einstöku sinnum tekið stórgrýti til bakkavarna við Eyjafjarðará (I).

Í landi eyðibýlisins Víðiness sem er austan Melgerðismela. Lítil efnisnáma (I).

Munkaþveráreyrar. Landeigandi hefur selt ýmsum aðilum efni úr áreyrunum á undanförunum árum, ýmist óunnið eða til vinnslu á staðnum. Mikið efni er hér sem eflaust verður nýtt í framtíðinni (IV).

Þveráreyrar í landi Þverár. Vegagerðin hóf hér mikið efnisnám fyrir áratugum og tók um árabíl mikið efni úr áreyrunum. Landeigandi selur nú ýmsum aðilum efni úr Þveráreyrum (V).

Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls. Efnistaka úr eyrunum norðan Þverár (V).²

Þá er í skipulaginu sett fram eftirfarandi markmið vegna efnistökusvæða:

1. Efnisvinnsla á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum og hagkvæmi. Framkvæmdaleyfi þarf að liggja fyrir sem taki til stærðar, efnismagns, vinnslutíma, eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni, sbr. tl. 16. í kafla 2.1.1. Sjá 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m. s. br.
2. Haft skal samráð við stjórnslu veiðimála, samkvæmt 42. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði m.s.br., áður en framkvæmdaleyfi er veitt til efnistöku úr ám eða áreyrum.
3. Tímabundnar námur, með takmarkaðri efnisvinnslu, vegna vegagerðar verða ekki hluti af staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins.

¹ Námurnar eru flokkaðar eftir stærð og er tölusetning höfð aftan við hverja námu.

(I) Mjög lítil náma minni en 10.000 m³.

(II) Lítil náma; 10-25.000 m³.

(III) Meðalstór náma; 25-100.000 m³.

(IV) Stór náma; allt að 150.000 m³.

(V) Mjög stór náma; stærri en 150.000 m³eða umhverfismatsskyld náma af öðrum orsökum.

² Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Efnistökusvæði sem eru matsskyld:

1. Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls (ES6).

2. Þveráreyrar í landi Þverár (ES7).

Efnistökusvæði sem er tilkynningarskyld:

1. Munkaþveráreyrar (ES5).

Efnistökusvæði sem gæti orðið tilkynningarskyld:

1. Vaglir (ES1).

4. Núverandi námur sem eru í flokki IV og V verði deiliskipulagðar, þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangssáætlun.

5. Eftir 1. júlí 2008 er stækkun náma sem starfræktar voru fyrir 1. júlí 1999 háð framkvæmdaleyfi ef áætluð efnistaka er umfram ákveðið hámark, sbr. IV. t.l. bráðabirgðaákvæða laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. Eftir 1. júlí 2012 er öll efnistaka á þessum svæðum framkvæmdaleyfisskyld.

Ennfremur segir:

Samkvæmt ákvæði 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laganna. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun. Í kafla 2.2.-Grg.-II er að finna almenna umfjöllun um efnistökusvæði.

1.4 Skipulagssvæðið og umfang skipulags

Skipulagið nær til alls sveitarfélagsins en efnistökusvæðin eru aðallega á vatnasvæði Eyjafjarðarár og þveráa hennar og er þá um endurnýjanleg efnistökusvæði að ræða. Nokkur svæði eru þó utan vatnasviðs ána og því ekki endurnýjanleg.

Í skipulagsferlinu var ákveðið að fjalla um öll efnistökusvæði í sveitarfélaginu bæði eldri og ný og skilgreina þá jafnframt hvernig standa skuli að veitingu framkvæmdaleyfa á hverjum stað.

2 Stefnumörkun

2.1 Efnistökusvæði

Í þessu skipulagi er fjallað um öll efnistökusvæði, bæði þau sem nú eru á aðalskipulagi og einnig þau sem eru ný. Hér á eftir fer lýsing á hverju efnistökusvæði fyrir sig og skilgreining á hvernig standa skuli að útgáfu framkvæmdaleyfis á hverjum stað ef óskað verður eftir því. Heiti og númer efnistökusvæða vísa til aðalskipulagsuppdráttar sem er hluti af skipulagsbreytingunni, en hann er unninn af teiknistofu Benedikts Björnssonar teikn. nr. 2509, verknr. 032509, dags. 15. febrúar 2010.

Haft skal samráð við stjórnslu veiðimála, samkvæmt 42. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði m.s.br., áður en framkvæmdaleyfi er veitt til efnistöku úr ám eða áreyrum.

Sækja þarf um starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, sbr. reglugerð 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun.

Samkvæmt ákvæði 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laganna.

Tímabundnar námur, með takmarkaðri efnisvinnslu, vegna vegagerðar verða ekki hluti af staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins og skulu afgreiddar án breytinga á aðalskipulagi í hverju tilfelli fyrir sig.

2.1.1 ES1 – Vaglir (III)³

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulag. Mikið efni hefur verið tekið á þessu svæði á undanförunum árum og nú er svo komið að ekki verður veitt framkvæmdaleyfi vegna áframhaldandi efnistöku næstu árin. Svæðið verður þó áfram á aðalskipulagi því um endurnýjanlega námu er að ræða og landeigandi getur sótt um framkvæmdaleyfi þegar aðstæður hafa batnað verulega.

2.1.2 ES2 – Stokkahlaðir (I)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila. Þarna er um litla námu að ræða og efnistaka er lítil á hverju ári. Ekki þarf að sækja um framkvæmdaleyfi nema aðstæður breytist verulega.

Eftir 1. júlí 2012 þarf þó að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 44 m.s.br.

2.1.3 ES3 – Gilsá (I)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Gamalt efnisnám þar sem einstöku sinnum er tekið stórgryti til bakkavarna við Eyjafjarðará. Ekki þarf að sækja um framkvæmdaleyfi nema aðstæður breytist verulega.

Eftir 1. júlí 2012 þarf þó að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 44 m.s.br.

2.1.4 ES4 – Víðines (I)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Lítil efnisnáma í landi eyðibýlisins Víðiness, sem er austan ár gegnt Melgerðismelum. Þarna er um litla námu að ræða og efnistaka er lítil á hverju ári. Ekki þarf að sækja um framkvæmdaleyfi nema aðstæður breytist verulega.

Eftir 1. júlí 2012 þarf þó að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 44 m.s.br.

³ Námurnar eru flokkaðar eftir stærð og er tölusetning höfð aftan við hverja námu.

(I) Mjög lítil náma minni en 10.000 m³.

(II) Lítil náma; 10-25.000 m³.

(III) Meðalstór náma; 25-100.000 m³.

(IV) Stór náma; allt að 150.000 m³.

(V) Mjög stór náma; stærri en 150.000 m³eða umhverfismatsskyld náma af öðrum orsökum.

2.1.5 ES5 – Munkaþveráreyrar (IV)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Landeigandi hefur selt ýmsum aðilum efni úr áreyrunum á undanförunum árum, ýmist óunnið eða til vinnslu á staðnum.

Til að fá áframhaldandi framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangssáætlun. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar um það hvort framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum.

2.1.6 ES6 – Þveráreyrar í landi Þverár (V)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Mikið efni hefur verið tekið á svæðinu á löngu tímabili og nú er svo komið að ekki verður haldið áfram nema gripið verði til mótvægisáðgerða með tiltekt og frágangi á námunni.

Til að fá áframhaldandi framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangssáætlun. Einnig þarf að fara fram umhverfismat vegna námunnar.

2.1.7 ES7 – Þveráreyrar í landi Ytri-Hóls (V)

Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi. Mikið efni hefur verið tekið á svæðinu á löngu tímabili og nú er svo komið að ekki verður haldið áfram nema gripið verði til mótvægisáðgerða með tiltekt og frágangi á námunni.

Til að fá áframhaldandi framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið þar sem fram þarf að koma vinnslu- og frágangssáætlun. Einnig þarf að fara fram umhverfismat vegna námunnar.

2.1.8 ES8 – Áreyrar við Torfufellsá (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m³ af efni úr áreyrunum við Torfufellsá. Sjálfur farvegur árinna sé þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.9 ES9 – Neðan Vatnsenda (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 40.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár vestan ár. Sjálfur farvegur árinna sé þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.10 ES10 – Áreyrar neðan Skáldsstaða (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m³ af efni úr áreyrum austan Eyjafjarðarár nokkru neðan Skáldsstaða. Sjálfur farvegur árinna sé þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.11 ES11 – Við Arnarstaði (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 50.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár. Framkvæmdin verði tengd aðgerðum til varnar landbroti. Ekki verður heimilað að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.12 ES12 – Í landi Gullbrekku (II)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr hjalli vestan Eyjafjarðarár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821).

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.13 ES13 – Neðan vegar norðan Skjöldalsár (II)

Á svæðum ES13-ES15 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Skjöldalsár norðan ár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Ekki verður heimilað að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.14 ES14 – Ofan vegar sunnan Finnastaðaár (II)

Á svæðum ES13-ES15 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár sunnan ár, en vestan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Ekki verður heimilað að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.15 ES15 – Neðan vegar norðan Finnastaðaár (II)

Á svæðum ES13-ES15 verður einungis veitt leyfi til efnistöku á einum stað í einu.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 25.000 m³ af efni úr áreyrum Finnastaðaár norðan ár, en austan við Eyjafjarðarbraut vestri (821). Ekki verður heimilað að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni.

2.1.16 ES16 – Neðan Bringu (III)

Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 30.000 m³ af efni úr áreyrum Eyjafjarðarár vestan ár. Sjálfur farvegur árinna sé þar undanskilinn.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann.

2.1.17 ES17 – Neðan Hrafnagils (III)

Líta þarf á svæði ES17-ES20 sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. Því er sett sem skilyrði að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði í einu hvoru megin árinna. Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Ekki er leyfilegt að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fjögurra staða. Dýpt námu í hverju tilfelli sé ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitenda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangssáætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.1.18 ES18 – Fyrir ofan Kristnes, neðan afleggjara (III)

Líta þarf á svæði ES17-ES20 sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. Því er sett sem skilyrði að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði í einu hvoru megin árinna. Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Ekki er leyfilegt að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fjögurra staða. Dýpt námu í hverju tilfelli sé ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitenda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.1.19 ES19 – Á móts við Kristnes (III)

Líta þarf á svæði ES17-ES20 sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. Því er sett sem skilyrði að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði í einu hvoru megin árinna. Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Ekki er leyfilegt að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fjögurra staða. Dýpt námu í hverju tilfelli sé ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitenda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.1.20 ES20 – Nokkru neðan við Kristnes (III)

Líta þarf á svæði ES17-ES20 sem eitt svæði m.t.t. náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað hefur áhrif á efnisflutninga á stærra svæði. Því er sett sem skilyrði að samanlögð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Einungis er leyfð vinnsla á einu svæði í einu hvoru megin árinna. Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.

Ekki er leyfilegt að vinna í árfari frá byrjun maí til loka október. Metið verði eftir aðstæðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fjögurra staða. Dýpt námu í hverju tilfelli sé ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitenda.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi gildi einungis eitt ár fram í tímann. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

2.1.21 ES21 – Ósasvæði Eyjafjarðarár (III)

Gert er ráð fyrir að að hægt verði að heimila að taka allt að 50.000 m³ af efni úr ósasvæði Eyjafjarðarár samanlagt á hverju tveggja ára tímabili. Efnistökuverðum á því svæði sem efnistaka verður heimil á verði hliðrað til eftir því sem aðstæður og ástæður þykja gefa tilefni til af hálfu umsagnar- og leyfisveitenda hverju sinni. Efnistakan sé eingöngu austan við austustu kvísl Eyjafjarðarár og vestan Eyjafjarðarbrautar eystri (829). Í framkvæmdaleyfi verði tilgreind fjarlægð sem leyfð er frá þjóðvegi. Ekki verður leyfilegt að geyma eldsneytistanka á svæðinu og ekki vélar á milli vinnslutímabila. Efnistaka verður ekki heimiluð frá byrjun maí til loka október. Efnistakan getur verið tilkynningarskyld til fyrirspurnar um matsskyldu.

Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsaætlun að fylgja umsókninni og framkvæmdaleyfi verður einungis gefið út eitt ár fram í tímann.

2.1.22 ES22 – Í landi Hvamms (IV)

Fyrirhugað efnistökusvæði er í klapparholti suðvestan við bæjarhúsin í Hvammi. Svæðið einkennist aðallega af flötum klöppum, holti og túnum. Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku allt að 150.000 m³ og að náman verði opin til næstu 20-25 ára. Jafnframt er gert ráð fyrir aðkomuvegi að námunni.

Til að fá framkvæmdaleyfi þarf að deiliskipuleggja svæðið og leggja fram umhverfisskýrslu, en umhverfismat framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 þarf ekki að fara fram. Í deiliskipulagi komi fram til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið til að minnka óþægindi nágretta vegna sprenginga og efnisflutninga. Þar verði fjallað um varnir gegn hávaða t.d. með hljóðmönnum og áðgerðir til að minnka rykmengun. Meta þarf þörf á vöktun á fallryki í samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Einnig þarf leyfi skógræktarstjóra til að rjóðurfella. Áður en sprengingar verði leyfðar skal gera ástandskönnun á mannvirkjum í nágrenni við námuna og meta reglulega á framkvæmdatímanum.

Vegna þess að um er að ræða sprengingar þá komi fram í framkvæmdaleyfi að leyfishafi tryggi að þannig sé staðið að framkvæmdum að ekki valdi tjóni. Virki ráðstafanir samkvæmt ofangreindu ekki sem skildi er heimilt að afturkalla leyfið.

2.2 Fylgiskjöl

Fylgiskjöl með tillögunni eru:

2.2.1 Aðalskipulagsuppráttur Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Sveitarfélagsuppráttur landnotkun unninn af teiknistofu Benedikts Björnssonar teikn. nr. 2509, verknr. 032509, dags. 15. febrúar 2010.

2.2.2 Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrsla vegna breytinga á aðalskipulagi unnin af verkfræðistofunni Eflu, dags. 15. febrúar 2010.

2.2.3 Möguleg efnistökusvæði á aðalskipulagi innan vatnasvæðis Eyjafjarðarár

Samantekt og tillögur unnar af Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild í desember 2008.

3 Afgreiðsla skipulagsins

3.1 Kynning skipulagstillögu

Skipulagsnefnd samþykkti að kynna þessa tillögu í samræmi við 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. á fundi sínum 8. mars 2010 og sveitarstjórn samþykkti þá afgreiðslu á fundi sínum 16. mars 2010.

Eftir kynningu verður ákveðin tillaga að breytingu á aðalskipulagi og hún síðan auglýst samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m. s.br.

Jafnframt verður umhverfisskýrsla áætlunarinnar afgreidd í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.